

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2008-2009

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	6
4.	Starfsmannahald	6
5.	Aðalnámskrá leikskóla.....	6
6.	Skólanámskrá	7
7.	Annað skipulag	7
8.	Fundir og önnur samskipti	8
9.	Símenntun	8
10.	Tölvumál	9
11.	Próunarverkefni	10
12.	Mat á skólastarfi	10
13.	Framkvæmdir	10
14.	Gjafir	10

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2008-2009
2. Dagatal
3. Barnið í brennidepli

1. Starfstími

Starfsárið var frá 11. ágúst 2008 til 3. júlí 2009. Í ársáætlun, sem send var til allra foreldra í september, er talið upp starfsfólk og vinnutími þess, starfið á deildunum og skipulags- og námskeiðsdagar. Sjá *fylgiskjal 1*.

Mánaðarlega er sent heim dagatal með matseðli og helstu viðburðum og fréttum. Sjá *fylgiskjal 2*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað seinnipartinn í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum.

Við höfum farið þrisvar sinnum í viku í íþróttahúsið. Það hefur verið farið með hópá í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur. Einnig hefur verið farið í gönguferðir um skóginn og nágrennið og niður að Húseyjarkvíslinni.

Við fengum leyfi hjá skógræktarfélagi Skagafjarðar til þess að nota skóginn við hliðina á leikskólanum. Settum við þar upp net og kaðla til að klifra í og leika sér. Einnig var reist skýli úr greinum. Reynt er að fara einu sinni í viku með hvert barn í þrem elstu árgöngunum. Eru 6-12 börn í einu, eftir aldri og aðstæðum. Þetta hefur gengið vel og verið mjög skemmtilegt.

Kristín Halla Bergsdóttir og Jóhanna Marín Óskarsdóttir héldu áfram með tónlistarkennslu einu sinni í viku fyrir hvert barn á eldri deildinni og einnig af og til á yngri deildinni. Jóhanna aðstoðaði elsta hópinn við að setja upp leikrit í tali og tónum sem þau fluttu fyrir foreldra sína á útskriftarsamveru, sem voru formleg lok á hópastarfinu í elsta árganginum.

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar og auðvelða börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Helstu viðburðir í skólastarfinu í vetur voru eftirfarandi:

September

- Þriðjudaginn 23. var farið í fjöruferð með næst elsta árgang leikskólans. Það var stillt veður og fór ekki að rigna fyrr en eftir að við fórum úr fjörunni.
- Föstudaginn 26. var Evrópskur tungumáladagur. Við vorum með þýskan dag: sungum lag á þýsku, elduðum kartöflusalat og frikadeller (kjötbollur) með börnunum og skoðuðum myndir frá Þýskalandi.

Október

- Miðvikudaginn 1. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í garðinn eftir hádegið.
- Þriðjudagana 7. og 21. fóru börnin úr elsta árgangi leikskólans, 6 í hvort skipti, í heimsókn í heimilisfræðitíma hjá 5. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Fimmtudag 16. var náttfatadagur. Þann dag var tekin stund á hverri deild til að skemmta sér í náttfötunum. Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla kom á náttfataball með elsta árgangi leikskólans milli kl 10 og 11.
- Miðvikudaginn 29. var Ítalskur dagur. Elduð pítsa með aðstoð barnanna, skoðaðar myndir frá Ítalíu og sungið lag á Ítölsku.

Nóvember

- Miðvikudaginn 5. og þriðjudaginn 25. fóru börnin úr elsta árgangi leikskólans, 6 í hvort skipti, í tölvutíma með 2. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudag 12. var hattadagur. Þá mætti fólk með ýmiskonar hatta og húfur.
- Föstudag 14., í tilefni af degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Þriðjudaginn 18. var rugldagur. Snéru fötin þá öfugt á einhvern hátt, eða sokkarnir voru ósamstæðir. Matartímarnir rugluðust líka eitthvað svo hádegismaturinn var að morgninum o.s.frv.
- Miðvikudaginn 26. kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla og fékk að leika sér.
- Fimmtudaginn 27. var Spánskur dagur. Það var borðuð paella, sem börnin tóku þátt í að matbúa, skoðaðar myndir frá Spáni og sungið lag á spænsku.

Desember

- Fimmtudaginn 4. kom 4. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau sungu 2 lög og léku síðan við leikskólabörnin.
- Þriðjudaginn 9. komu Kristín Halla, Jóhanna Marín og Albert Óskarsson og fluttu fyrir okkur Jólacævintýri í tali og tónum. Kristín Halla las söguna, Jóhanna spilaði á hljómborð og Albert á saxófón.
- Foreldrafélagið stóð fyrir jólaföndri miðvikudaginn 10. frá kl 16-18. Máluð voru jólasveinaandlit á skásagaða trjáboli. Tókst það ágætlega.
- Föstudaginn 12. kom 7. bekkur í heimsókn í annað skiptið. Þau lásu sögur fyrir leikskólabörnin og fengu síðan að leika við þau.
- Fimmtudaginn 18. fór elsti árgangur leikskólans og fékk að sjá hluta af því sem grunnskólabörnin voru búin að æfa fyrir litlu jólin.
- Föstudaginn 19. var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar og systkini líka boðin. Var það haldið í setustofunni í Varmahlíðarskóla þar

sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins tvö leikskólabörn sem ekki komu. Stefán Gíslason spilaði á harmonikkju, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, svala og piparkökur.

Janúar

- Fimmtudaginn 15. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék við leikskólabörnin.
- Fimmtudaginn 29. var haldið upp á 10 ára afmæli Birkilundar. Auglýst var opið hús frá kl 15-17. Boðið var upp á kaffi og afmælistöku ásamt fleiru. Börnin fluttu tónlistaratriði kl 16. Þónokkuð margir gáfu sér tíma til að koma og spjalla.

Febrúar

- Þriðjudagana 3. og 24. fór elsti árgangur leikskólans upp í Varmahlíðarskóla. Annar helmingurinn fór í smíðar með 10. bekk og hinn í myndlist með 2. bekk. Í seinna skiptið fóru þau í smíðar sem áður höfðu farið í myndlist og þau sem höfðu farið í myndlist fóru í smíðar.
- Á degi leikskólans, 6 febrúar, héldum við í rútu út á Sauðárkrók. Þar hittust börn og kennarar úr öllum leikskólum Skagafjarðar. Gengið var í fylkingu suður að Ráðhúsinu. Þar sungum við lögin: Nú er frost á Fróni og Krummi krunkar úti. Síðan var haldið áfram og gengið inn á Flæðarnar. Þar var myndaður einn stór vinahringur og sungin lögin: Við erum vinir og Í leikskóla er gaman. Við borðuðum nesti í rútnni og héldum síðan heimleiðis. Það var þónokkuð frost en stillt veður.
- Miðvikudaginn 18. kom 6. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund.
- Á öskudaginn, 25. febrúar, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig. Það var snakk í tunnunni og harðfiskur frá Kauppingi.

Mars

- Föstudaginn 13. kom 5. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund og lék við leikskólabörnin.
- Þriðjudaginn 17. var furðufatadagur hjá okkur og voru margvíslegar flíkurnar þann daginn.
- Fimmtudaginn 19. mars var franskur dagur þar sem elduð var súpa með hakki og fleiru úti.
- Fimmtudaginn 26. mars kom 2. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék við leikskólabörnin inni og í skóginum.

- Myndlistarsýning var laugardaginn 28. frá kl 14:30-17:30. Foreldrafélagið sá um kaffi. Voru það um 90 manns sem mættu á sýninguna.

Apríl

- Föstudaginn 17. fór árgangur 2005 ásamt 3 kennurum upp í Víðimýri og skoðaði þar kirkjuna og garðinn.
- Miðvikudaginn 22. fór elsti árgangur leikskólans á generalprufu fyrir árshátíð 1.-6. bekkjar Varmahlíðarskóla í íþróttahúsinu í Varmahlíð.
- Þriðjudaginn 28. kl. 14 fórum við með þau börn sem þá voru í okkar umsjá upp í Íþróttahúsið í Varmahlíð á sæluvikusýningu í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Það var leikritið: „Dimmalimm“ í flutningi Kómedíuleikhússins á Ísafirði.
- Miðvikudaginn 29. var farið í sveitferð með öll börnin sem voru í leikskólanum. Við fórum í Lýtingsstaði og sáum þar hross og kindur. Þau börn sem vildu fengu að fara á hestbak og voru flestir sem þáðu það. Ferðin gekk vel, en það hefði mátt vera aðeins minna rok.

Mái

- Þriðjudaginn 5. fór elsti árgangur leikskólans í sund með 8. bekk Varmahlíðarskóla.
- Þriðjudaginn 12. fór elsti árgangurinn í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar sem starfsmaður safnsins sýndi þeim það markverðasta sem þar var að sjá. Á eftir borðuðu þau hamborgara í K.S.Varmahlíð og kaupfélagið bauð upp á ís í eftirrétt.
- Fimmtudaginn 14. fór elsti árgangur leikskólans í gönguferð með 1. og 2. bekk Varmahlíðarskóla. Gengið var upp á Reykjarhólinn og um skóginn.
- Miðvikudaginn 20. var generalprufa á leikritinu um Pétur og úlfinn, í flutningi elsta árgangangs leikskólans, fyrir leikskólabörnin og 1. bekk Varmahlíðarskóla.
- Föstudaginn 22. voru settar niður kartöflur.
- Miðvikudaginn 26. kl 14:00 var útskrift úr Furuhóp. Fjölskyldum barnanna í elsta árgangi leikskólans var boðið að koma. Börnin fluttu leikritið um Pétur og úlfinn, sungu nokkur lög og fengu afhent kveðjuskjal og eina rós. Boðið var upp á kaffi og meðlæti. Mikill fjöldi mætti og varð að þjappa eins og hægt var til þess að allir kæmust fyrir. Voru það um 40 manns sem fylgdu þessum 12 börnum.
- Miðvikudaginn 27. var Reykjarhólsdagur. Þann dag var gengið á Reykjarhólinn með svala og brauð í nesti. Það voru 3 elstu árgangar

leikskólans sem gengu á hólinn. Yngri börnin fóru í skóginn við hliðina á leikskólanum, léku sér þar og fengu nesti.

Júní

- Fimmtudaginn 11. stóð foreldrafélagið fyrir sumarahátíð í garðinum við leikskólann frá kl 16 til 18. Það var ágætis mæting. Veðrið var þurrt en frekar svalt.
- Föstudaginn 26. var lummudagur. Þá var opið hús frá kl 12-16 og boðið upp á lummur og kaffi.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2008

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F.h.	E.h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2003	11,2	5,8	5	7	12	68,1	6,8
Árg. 2004	8,0	5,2	7	2	9	74,7	9,3
Árg. 2005	8,8	4,8	5	4	9	46,3	7,5
Árg. 2006	1,8	1,8	2	0	2	54,1	10,8
Árg. 2007	3,0	1,8	2	1	3	0,0	0,0
	32,8	19,4	21	14	35	223,8	31,9

4. Starfsmannahald

1. des 2008

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		Fæðingarorlof	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	5	4,46	5	4,46		
Grunnskólakennarar	1	1,00	1	1,00		
Ófagl. starfsmenn	6	4,08	5	3,48	1	0,6
Eldhús	1	0,75	1	0,75		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	14	10,67	13	10,07	1	0,6

Einn starfsmaður í fæðingarorlofi til 1. mars.

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda.

6. Skólanámskrá

Skólanámskráin var kynnt fyrir foreldrum á fundi 14. október. Hún er til í nokkrum eintökum í leikskólanum en hefur ekki verið send til foreldra. Í maí var opnuð heimasíða fyrir Birkilund (www.skagafjordur.is > þjónusta (vinstra megin á síðu) > skólamál > Birkilundur) þar sem hægt er að skoða skólanámskrána ásamt ýmsu öðru efni sem tengist leikskólanum.

7. Annað skipulag

Sérkennsla hefur verið að aukast hjá okkur. Inga Huld talmeinafræðingur hefur komið nokkrum sinnum til að meta og endurmeta börn. Það eru 8 börn sem hún hefur hitt í vetur. Sum aðeins einu sinni en önnur oft. Hún hefur gefið okkur góð ráð og leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna með börnin.

Stúlka með Downs-heilkenni hefur verið með stuðningsaðila og fengið sérkennslu. Er ýmist unnið með hana í barnahópnum eða eina. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar. Tvær konur frá Greiningarstöð komu á skilafund 22. ágúst þar sem farið var yfir niðurstöður úr endurmati, sem fram fór í lok apríl, og gefin ráð varðandi áframhaldandi vinnu. Teymisfundir voru haldnir 17. september, 29. október, 11. desember, 9. febrúar, 23. mars og 11. maí þar sem hittust Dóra Heiða þroskaþjálfari, Fanney sjúkraþjálfari, Inga Huld talmeinafræðingur, Guðbjörg stuðningsaðili, Sigríður deildarstjóri og Steinunn leikskólalastjóri auk foreldra og ræddu stöðu barnsins og framhald þjálfunar.

Tvær konur frá Greiningarstöð Ríkisins komu til okkar fimmtudaginn 23. október vegna barns sem fór í greiningu til þeirra í júní. Þær fylgdust fyrst með barninu á deildinni og síðan var fundur með þeim, þar sem voru deildarstjóri, leikskólakennari af deildinni og leikskólalastjóri, Dóra Heiða þroskaþjálfari, Inga Huld talmeinafræðingur og svo móðir barnsins. Þetta barn fór í endurmat í febrúar. Þá fór einnig systkini þess í greiningu. Skilafundur var síðan með Greiningarstöðinni 21. apríl. Þá var einnig námskeið um einhverfu. Annað barnið greindist einhverft og hitt á einhverfurófi. Bæði með athyglisbrest. Er því fyrirséð að auka þarf stuðning við þessi börn frá því sem verið hefur.

Elfa Björk Sturludóttir, nemi á fyrsta ári við leikskóladeild menntavísniðasviðs HÍ, var í verknámi á Könglalandi 6.-10. okt, 10.-14. nóv og 23.-27. mars undir handleiðslu Sigríðar Halldóru.

Hlíf Sumarrós Hreinsdóttir, nemi við Háksólann á Akureyri, var í verknámi á Kvistalandi 6. janúar til 6. febrúar undir handleiðslu Sigríðar Helgadóttur.

Kristín Heiða Önnudóttir, nemi í Háholti, var í starfskynningu hjá okkur tvo daga í viku eftir hádegi frá miðjum janúar fram til 20. febrúar.

8. Fundir og önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 14. október. Steinunn kynnti Námskrá Birkilundar og helstu atriði í vetrardagskránni, barnafjölda og starfsmenn. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum í febrúar og mars þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Í vetur hafa verið haldnir 2-4 deildarstjórafundir í mánuði, 13 fundir voru haldnir fyrir áramót og 12 eftir áramót, alls 25 fundir á starfstímanum og voru þeir allir innan venjulegs vinnutíma. Auk þess unnu deildarstjórar og leikskólastjóri að starfsmannahandbók á nokkrum fundum í júní.

Fagfundir, þar sem hittist fagmenntað starfsfólk leikskólans og ræddi félagsmál og málefni leikskólans, voru 4 í vetur. Voru þeir haldnir innan vinnutíma flestra sem þar voru.

Starfsmanna- og deildafundir hafa verið haldnir á 3 - 4 vikna fresti og voru þeir alls 9. Hafa þeir verið haldnir kl 16-19, ýmist á þriðjudögum eða fimmtudögum. Einnig voru starfsmanna- og deildafundir á skipulagsdögum bæði að hausti og vori.

Starfsmannapóstur var gefinn út í september og febrúar þar sem komu fram atriði sem gott var fyrir starfsmenn að hafa hjá sér, t.d. áætlaðir fundatímar.

Leikskólastjórar allra leikskólanna í Skagafirði hafa hist reglulega, ýmist með Herdísi fræðslustjóra eða á vinnufundum. Fyrir áramót voru 5 slíkir fundir, en eftir áramót voru 8 fundir. Voru aðstoðarleikskólastjórar/staðgenglar með á þremur fundum.

9. Símenntun

Linda og Sigríður Halldóra fóru á námskeið um tónlistarkennslu í yngri bekkjum grunnskóla, sem haldið var í Árskóla þriðjudaginn 19. ágúst. Fyrirlesari var Nanna Hlíf.

Skipulagsdagur að hausti var mánudaginn 25. ágúst. Fyrir hádegi var unnið í leikskólanum. Var fyrst sameiginlegur fundur, síðan deildafundir. Eftir hádegi var farið í innra matið og síðan var skoðaður leikskólinn á Hólum og útistofa sem þar er búið að koma upp.

Boðað var til haustþings á Blönduósi fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 19. september 2008. Fyrir hádegi fjallaði Ásta Egilsdóttir leik- og grunnskólakennari um einingakubba og hvernig væri hægt að vinna með þá. Eftir hádegi var skipt í málstofur. Sigríður Síta Pétursdóttir leikskólaráðgjafi fjallaði um Reggio Emilia, Guðrún Hafdís Óðinsdóttir leikskólakennari fjallaði um lífsleikni, Inga Huld Þórðardóttir talmeinafræðingur fjallaði um málrækt, Kristín Halla Bergsdóttir og Jóhanna Marín Óskarsdóttir tónlistarkennarar fjölluðu um tónlist, Vanda Sigurgeirsdóttir lektor í tómstunda- og félagsmálafræðum fjallaði um hreyfingu og Jenný Eiðsdóttir fjallaði um næringu og hollustu. Starfsfólk skipti sér niður á þessar málstofur.

Fimmtudaginn 25. og föstudaginn 26. september var Sigríður Halldóra í Reykjavík á ráðstefnu um ADHD (athyglisbrest með ofvirkni).

Fimmtudaginn 2. október voru Linda og Sigríður Halldóra á trúnaðarmannanámskeiði á vegum FL, sem haldið var á Akureyri.

Föstudaginn 31. október var Steinunn á málþingi leikskólasviðs Reykjavíkurborgar um yngstu börnin í leikskólanum.

Sigríður Halldóra byrjaði á PMT námskeiði í janúar. Það var haldið á Akureyri og voru 2 dagar í einu í 4 skipti. Útskrift var föstudaginn 15. maí.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var fimmtudaginn 26. febrúar. Það var skyndihjálparnámskeið sem Karl Lúðvíksson sá um. Námskeiðið var haldið í Varmahlíðarskóla.

Guðbjörg Sigfúsdóttir, Linda Björnsdóttir, Sigríður Helgadóttir og Sonja Mannhardt fóru á námskeið um einhverfu sem Greiningarstöð ríkisins hélt í Varmahlíð 21. og 22. apríl.

Sigríður Helgadóttir og Guðbjörg Sigfúsdóttir fóru á námskeið í tónlist 15. maí á Akureyri. Það var Elfa Lilja Gísladóttir sem var með þetta námskeið í tengslum við útgáfu bókarinnar: „Hring eftir hring“ sem er kennsluefni í tónlist og hreyfingu.

10. Tölvumál

Nettengd tölva er á skrifstofu leikskólastjóra og á kaffistofu. Auk þess eru tvær fartölvur. Hafa þær verið nýttar aðeins í sérkennslu en aðallega fyrir undirbúning kennara. Ein gömul tölva er staðsett í Furulandi og hafa börnin aðgang að henni.

11. Þróunarverkefni

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar og auðvelða börnunum að flytjast á milli skólastiga. Verkefnið er hugsað sem þróunarverkefni til tveggja ára og felst í gagnkvæmum heimsóknum milli skólanna. Fulltrúar í skipulagshóp í vetur voru Helga Sjöfn Helgadóttir og Sara Gísladóttir frá Varmahlíðarskóla en frá Birkilundi voru Linda Björnsdóttir, Sigríður Sveinsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir.

12. Mat á skólastarfi

Notaður er matslistinn „Barnið í brennidepli“. Í vetur var farið í lykilþætti 5.4, 5.5, 6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 1.1, 1.2 og 1.3. Lykilþættir 5.4 og 5.5 voru ræddir á skipulagsdegi í ágúst en hitt á skipulagsdegi í apríl. Samantekt eftir þessar umræður fylgir með skýrslunni. *Sjá fylgiskjal 3.*

15. Framkvæmdir

Hluti af hitalögn í stétt komst í gagnið í vetur en annars staðar virðist lögnin leka og þarf að skoða það. Ekki tókst að komast í það verk í sumarlokuninni en verður vonandi gert fyrir næsta vetur.

Settar voru plexiglerplötur innaná hliðin inn í garðinn og handfang fjarlæggt. Var það gert til þess að börnin gætu ekki klifrað upp hliðið og opnað það. Með því að fjarlægja handföngin varð mun auðveldara fyrir fullorðna að opna hliðin.

Teknir voru niður bekkir í forstofu og settir lausir bekkir.

Settar voru upp tvær hillur, 2m að lengd, í föndurherbergi á Könglalandi til að hafa þar aðstöðu fyrir körfur og önnur sérkennslugögn. Þar var einnig settur upp spegill, 113 sm á hæð og 30 sm á breidd, sem verður nýttur við sérkennslu.

Laus dyrakarmur inn á Könglaland var festur og útihurðir lagfærðar þannig að þær lokuðust auðveldlega.

Settar voru gúmímottur undir smábarnarólurnar og þökulögn aðeins lagfærð, en hún var mjög illa farin bak við skúrinn.

16. Gjafir og styrkir

Í tilefni af 10 ára afmæli Birkilundar voru honum færðar margar góðar gjafir. Má þar nefna 75.000 kr frá Kvenfélagi Akrahrepps, 50.000 kr frá Kvenfélagi Seyluhrepps, 50.000 kr frá Kvenfélagi Staðarhrepps, 50.000 kr frá Foreldrafélagi Birkilundar og 100.000 kr styrkur frá stjórn

Menningarseturs Skagafirðinga í Varmahlíð, sem keypt var $\frac{1}{2}$ sett af einingakubbum fyrir. Kvenfélag Lýtingsstaðahrepps færði okkur bókina „Hring eftir hring“ sem er kennsluefni í tónlist og hreyfingu.

Úr sáttmálasjóð K.S. og sveitarfélaganna í Skagafirði hlaut leikskólinn 100.000 kr styrk til greiðslu á launum tónlistarkennara og 200.000 kr til kaupa á einingakubbum.

Varmahlíð 27. ágúst 2009

Steinunn Arnljótsdóttir